

LÖG

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „bolfiski“ í a-lið 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: botnfiski.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Bátar sem leyfi hafa til handfæraveiða með dagatakörkunum skv. 6. gr. laganna skulu stunda veiðar með krókaafلامarki skv. 6. gr. b frá upphafi fiskveiðiársins 2004/2005. Skal úthluta hverjum báti sem varanlegar sóknarheimildir eru bundnar við 10. maí 2004 krókaafلامlutdeild í upphafi fiskveiðiársins 2004/2005. Skal krókaafلامlutdeild hvers báts fundin með tilliti til aflareynslu bátsins á öðru hvoru fiskveiðiárinu 2001/2002 eða 2002/2003, að vali útgerðar, á eftirfarandi hátt:

1. Viðmiðunaraflareynsla í þorski er fundin sem hlutdeild af meðalafла sóknardagabáta fiskveiðiárin 2000/2001, 2001/2002 og 2002/2003, miðað við óslægðan fisk. Hlutdeild bátsins í þorski reiknast sem afli bátsins annað hvort fiskveiðiárið 2001/2002 eða 2002/2003 sem hlutfall af heildaraflamagni allra sóknardagabátanna þannig fengið. Viðmiðunaraflareynsla í öðrum tegundum í krókaafلامarki er fundin sem afli bátsins annað hvort fiskveiðiárið 2001/2002 eða 2002/2003. Í engri tegund í krókaafلامarki skal viðmiðunaraflareynsla þó vera lægri en 100 kg miðað við óslægðan fisk.
2. Reiknigrunnur hvers báts til krókaafلامlutdeildar skal byggjast á viðmiðunaraflareynslu í þorski og ufsa þannig að til reiknigrunnnsins teljast 91% af upp að 42,5 lesta viðmiðunaraflareynslu, miðað við óslægðan fisk, og 45% af því sem umfram er. Reiknigrunnurinn í þorski skal þó aldrei vera lægri en 15 lestin, miðað við óslægðan fisk. Fyrir aðrar tegundir í krókaafلامarki skal reiknigrunnurinn vera jafn aflareynslu. Taka skal tillit til áætlaðrar aflaukningar, allt að 20 lestum í þorski á hvern bát, miðað við óslægðan fisk, vegna aukningar afkastagetu sóknardagabáta vegna endurnýjunar þeirra á fiskveiðiárinu 2002/2003 eða á fiskveiðiárinu 2003/2004 fram til 28. maí 2004, enda hafi sóknargetan ekki nýst til myndunar aflareynslu samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur.

3. Krókaafhlutdeild hvers báts er síðan reiknuð út frá reiknigrunni hans sem hlutfall af úthlutuðu aflamarki fiskveiðiársins 2003/2004. Hafi varanlegar sóknarheimildir á báti breyst þannig að sóknardagar eru fleiri eða færri á bátnum 10. maí 2004 en voru á bátnum á því ári sem lagt er til grundvallar við útreikning á aflareynslu hans, að teknu tilliti til skerðingar sóknardaga milli ára, skal krókaafhlutdeild bátsins hækkuð eða lækkuð hlutfallslega miðað við breytingu á sóknardagafjölda. Með sama hætti skerðist hlutfallslega krókaafhlutdeild báts sem úthlutað er aflahlutdeild miðað við 15 lesta reiknigrunnslágmark í hlutfalli við fækkun sóknardaga frá 1. september 2001 til 10. maí 2004. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og hvernig skuli fara með aflareynslu þegar eigin bátur hefur verið endurnýjaður. Þegar úthlutað hefur verið krókaafhlutdeild samkvæmt þessu ákvæði skal aflahlutdeild og krókaafhlutdeild annarra skipa endurreiknuð með tilliti til þeirra breytinga sem af þessari úthlutun leiðir.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og ákvæði 6. gr. laganna skal gefa bátum, sem endurnýjaðir hafa verið á fiskveiðiárinu 2002/2003, kost á að stunda veiðar með 18 sóknardögum á fiskveiðiárinu 2004/2005 og síðan skal þeim bátum úthlutað krókaafhlutdeild í upphafi fiskveiðiársins 2005/2006 samkvæmt reglum 1. mgr. Bátar sem endurnýjaðir hafa verið frá upphafi fiskveiðiársins 2003/2004 en fyrir 28. maí 2004 eiga kost á 18 sóknardögum fiskveiðiárinu 2004/2005 og 2005/2006 hvort ár og síðan skal þeim bátum úthlutað krókaafhlutdeild í upphafi fiskveiðiársins 2006/2007 samkvæmt reglum 1. mgr. Um nýtingu sóknardaga gilda að öðru leyti ákvæði 6. gr. laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda 1. september 2004.

Gjört á Bessastöðum, 7. júní 2004.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.